

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík 20. desember 2018
UST201811-174/A.B.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Hvalárvirkjun í Árneshreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Árneshrepps er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lagfærða tillögu að deiliskipulagi Hvalárvirkjunar.

Deiliskipulagstillagan var áður auglýst frá 1. september til 16. október 2017 og samþykkt á fundi hreppsnefndar þann 30. janúar 2018 með breytingum sem tóku mið af umsögnum og athugasemdum. Skipulagsstofnun yfirfór deiliskipulagstillöguna í ágúst 2018 og á fundi þann 30. september 2018 samþykkti hreppsnefnd lagfærða tillögu. Aðalskipulagsbreyting sama efnis tók gildi þann 10. júlí 2018.

Deiliskipulagstillagan er óbreytt frá samþykkt hreppsnefndar þann 30. september 2018. Í tillögunni felst m.a.: Vegir um virkjunarsvæðið, afmörkun og umfang efnistökusvæðis og lóð fyrir starfsmannabúðir og vinnusvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda í umsögn dags 31. október 2017.

Fyrirliggjandi deiliskipulag fjallar aðeins um þann hluta framkvæmdar Hvalárvirkjunar sem snýr að rannsóknum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þegar deiliskipulag svæðisins er unnið sé fjallað um framkvæmdina í heild sinni en ekki aðeins fyrsta hluta hennar líkt og gert er í ofangreindri tillögu.

Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á eftirfarandi atriði.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir það að þeir umhverfisþættir sem munu helst verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsgerðarinnar eru vatnafar, jarðmyndanir, gróður, útivist,

ferðamennska, samgöngur, landnotkun, menningarminjar, óbyggð víðerni og ásýnd lands. Ofangreindar framkvæmdir voru teknar inn í mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar.

Óbyggð víðerni

Samkvæmt kortlagningu Umhverfisstofnunar frá 2009 eru um 370km² svæði innan Árneshrepps óbyggð víðerni. Að mati Umhverfisstofnunar verður umfangsmikil skerðing óbyggðra víðerna og neikvæð áhrif verða á ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslag þess við gerð vinnuvega og verða neikvæðu áhrifin og skerðingin enn meiri þegar virkjanaframkvæmdirnar sjálfar eru áætlaðar.

Umhverfisstofnun vill ítreka að áhrif á óbyggð víðerni sem víðtækust og mestu áhrifin ofangreindra framkvæmda, ásamt áhrifum allrar virkjunarinnar eru þau, að farið er inn á óbyggð víðerni og þeim raskað og að við þetta mun verða skerðing á óbyggðum víðernum á Íslandi.

Umhverfisstofnun tekur undir það að með því að fella framkvæmdir vel að landi og vanda allan frágang má lágmarka neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Stofnunin er einnig sammála því að skerðing óbyggðra víðerna er óafturkræf.

Umhverfisstofnun vill taka fram að unnið er að skilgreiningu og uppfærslu við að afmarka og kortleggja óbyggð víðerni á Íslandi í samstarfi Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar og er þeirri vinnu ólokið.

Drangavíðerni

Umhverfisstofnun hefur borist beiðni um friðlýsingu á Drangavíðernum á grundvelli laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og hefur Umhverfisstofnun hafið undirbúning á friðlýsingu í samstarfi við landeigendur og sveitarfélagið.

Jörðin Drangar er yfir 100km² að flatarmáli og nær frá hábungu Drangajökuls að sjó á milli Bjarnarfjarðar og Drangavíkur.

Umhverfisstofnun bendir á að áhrifasvæði virkjunarinnar samkvæmt gildandi aðalskipulagi nær inn á jörðina Dranga sem er í friðlýsingarferli og stofnunin telur mikilvægt að það komi fram í deiliskipulagstillögunni.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakei Kristjánsdóttir
Sérfræðingur